

## AUGLÝSING

### um gildistöku alþjóðasamnings um afnám alls kynþáttamisréttis.

Alþjóðasamningurinn um afnám alls kynþáttamisréttis, sem lagður var fram til undirskriftar í New York hinn 7. marz 1966, gekk í gildi hinn 4. janúar 1969, þar sem þá voru liðnir þrjátíu dagar frá því, er 27 ríki höfðu staðfest við framkvæmda-stjóra Sameinuðu þjóðanna aðild að samningnum, sbr. ákvæði 19. greinar hans.

Samningurinn var birtur sem fylgiskjal með auglýsingu í Stjórnartíðindum C nr. 14/1968.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. nóvember 1969.*

**Emil Jónsson.**

*Pétur Thorsteinsson.*

Nr. 18.

4. nóvember 1969.

## AUGLÝSING

### um gildissvið loftflutningasamnings milli Íslands og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

Konungsríkið Lesotho, áður Basutoland í brezka heimsveldinu, hefur lýst því yfir í orðsendingu dags. 23. apríl 1969, að það telji sig ekki lengur bundið af ákvæð-um loftflutningasamningsins milli Íslands og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bret-lands og Norður-Írlands, sem undirritaður var hinn 26. maí 1950, sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum A nr. 7/1951.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 4. nóvember 1969.*

**Emil Jónsson.**

*Pétur Thorsteinsson.*

Nr. 19.

19. nóvember 1969.

## AUGLÝSING

### um fullgildingu viðbótarbókunar við alþjóðasamning um fiskveiðar á Norðvesturhluta Atlantshafs.

Hinn 14. nóvember 1969 var utanríkisráðuneyti Bandaríkjanna afhent aðildar-og fullgildingarskjal, undirritað af forseta Íslands, að viðbótarbókun við alþjóða-samning um fiskveiðar á norðvesturhluta Atlantshafs (Protocol to the International